

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Sigga og pöddurnar

Lifur svörtu hermannaflugunnar eru próteinríkar. Þær éta lifraðan úrgang með ógnashraða. Í viðtali vikunnar segir Sigríður Gísladóttir, dýralæknir frá Vium ehf., og lífræðastarfinu í Bolungarvík. Ætlunin er að láta lifurnar nærast á afgangum frá fiskvinnslu og fiskeldi og verða síðan að próteinmjölli og ýmsu fleiru.

— sjá bls. 8-11.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 20. nóvember 2014 · 46. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Jólin eru komin í Neðsta!

HÁGÆÐA VERKFÆRI FRÁ

KRAFTWERK

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

— NYTT Á SUBWAY —

Elskaðu spinat

— GRÆNA BYLTINGIN —

Nú getur þú sett spinat á bátinn þinn - fritt

Spinat er á boðstólum í takmarkaðum tíma

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX


Kirkjan fjárvana og leitar til bæjarins

Ísafjarðarsókn stendur illa fjárhagslega og hefur sóknarnefnd farið þess á leit við Ísafjarðarbæ að bærinn leggi sókninni lið við umhirðu kirkjugarða sóknarinnar. Í bréfi Björns Baldurssonar, formanns sóknarnefndar, sem tekið var fyrir á fundi bæjarráðs, segir að sökum fjárskorts hafi ekki verið hægt að ráða kirkjuvörð í fullt starf eftir að síðasti kirkjuvörður lét af störfum fyrir aldurs sakir fyrir tveimur árum. Ástæða fjárhagsvanda kirkjunnar

segir Björn vera að sóknargjöld sem ríkið innheimtir af öllum Íslendingum hafi ekki skilað sér til kirkjunnar nema til hálfs.

„Þessi vanskil af hálfu ríkisins er ein aðalorsökin fyrir slæmri stöðu kirkjunnar. Illa gengur að fá ríkið til að standa við gerða samninga þrátt fyrir að kirkjur landsins hafi sent ályktanir þar um,“ segir í bréfi Björns. Bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að senda innanríkisráðuneytinu áskorun vegna málsins.

Í Ísafjarðarsókn eru þrír kirkjugarðar. Hnífsdalskirkjugarður, Eyrarkirkjugarður og Réttarholtskirkjugarður. Undanfarin ár hefur Sundfélagið Vestri séð um hirðingu á Hnífsdalskirkjugarði samkvæmt samkomulagi sem Björn segir hafa gefist vel. Í sum- ar var fenginn verktafi til að hirða Eyrargarð og Réttarholtsгард en kostnaður við það var mun hærri en reiknað var með og segir í bréfi Björns að næsta sumar muni kirkjan ekki geta staðið undir því



Eyrarkirkjugarður.

að hirða garðana eins vel og hún vildi.

– smari@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um skipulag

Suðurtangi – Hafnar- og iðnaðarsvæði, Ísafjarðarbæ

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda breytingu deiliskipulagi á fundi sínum þann 6. nóvember 2014.

Skipulagssvæðið liggur á austanverðum Suðurtanga, sem er neðsti hluti Eyrarinnar. Svæðið afmarkast af Ásgeirsgötu og Sundabakka að Sundahöfn í norðri og af íbúðar- og þjónustusvæði í vestri og suðri. Skipulagssvæðið er tæpir 12,5 ha að stærð, að fyrirhugaðri landfyllingu meðtalinni, sem áætlað er að verði rúm 3 ha. Aðeins ein bygging er á svæðinu, þ.e. steypustöð á lóðinni Sindragata 27

Skipulagssvæðið er ætlað fyrir hafnsækin iðnað næst höfninni og almennan iðnað fjær henni. Gert er ráð fyrir að lengja hafnarkantinn til suðurs og auka landrými um 3 ha með landfyllingu. Alls er gert ráð fyrir 34 lóðum á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að lengja hafnarkant Sundabakka úr 200 m í 490 m. Gert ráð fyrir að dýpka legusvæðið við kantinn í 10 m.

Gert er ráð fyrir tæplega 2 ha hafnarsvæði. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir sex byggingarreitum fyrir veituhús, s.s. fyrir rafmagn, vatnsveitu, fjarskipti eða sambærilega þjónustu sem tengist starfsemi hafnarinnar. Við hönnun þessara mannvirkja skal taka mið af nálægð við sjó og hugsanleg sjávarflóð.

Samhliða staðfestingu þessa deiliskipulags er mörkum gildandi skipulagsbreytt þannig að það nær að mörkum tveggja nýrra skipulaga, þ.e. þessa skipulags, *Suðurtangi – Hafnar- og iðnaðarsvæði* og *deiliskipulagsins Suðurtangi – Íbúðar- og þjónustusvæði*.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórn-sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, bókasafni Ísafjarðar og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 20. nóvember 2014 til og með 1. janúar 2015. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórn-sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 12. nóvember 2014.

Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs.



Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Framleiðsla á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um framleiðslu á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 20. nóvember 2014 til 6. janúar 2015 á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum Ísafjarðar, skrifstofum Súðavíkurhrepps og Strandabyggðar og á Bæjar- og héraðsbókasafni Ísafjarðar, Bókasafni Súðavíkur og Héraðsbókasafni Strandabyggðar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hraðfrystihússins Gunnvarar hf: www.frosti.is.

Athugasemdafrestur: Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 6. janúar 2015 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000



Atvinna

Starfsmann vantar í hlutastarf í verslun Betra baks á Ísafirði.

Upplýsingar gefur Grétar í síma 456 4566 eða á staðnum.

SNERPA 20 ÁRA

acer

13,3" MEÐ SSD

Ótrúlegt stórafmælisverð fyrir fartölvu með Intel Pentium örgjörva, 120GB SSD og 8GB vinnsluminni sem gerir hana hraðvirkari í allri vinnslu. Platinum hvít og glæsilega hönnuð.

99.990

FULLT VERÐ 119.990



ACE-NXMPHE011



PHILIPS PHS-246V5LSB

FULL HD 1080P

20% stórafmælisafsláttur af þessum skarpa 24" skjá frá Philips með SmartControl fyrir allar helstu stýringar.

27.990

FULLT VERÐ 34.990

ÞRÁÐLAUS PRENTARI

Fjölnota prentari fyrir heimilið sem hægt er að tengjast þráðlaust og prenta beint úr snjallsímunum.

EPSON

EPS-XP322



11.990

FULLT VERÐ 14.990

1TB VASAFLAKKARI



INTENSO
INT-MEMORYHOME1TBBK

Traustur USB3.0 flakkar sem passar í vasa og þarf ekki að tengja í rafmagn. Stílhreinn og nettur úr áli.

9.590

FULLT VERÐ 11.990

PHILIPS HEYRNARTÓL



PHILIPS

PHS-SHP1900

Stór og hljómgóð Philips heyrnartól með þægilegri spöng og þúðum sem loka vel yfir eyrun.

2.390

FULLT VERÐ 2.990

RAZER BLACKWIDOW 2014



Mekanískt leikjalyklaborð frá Razer með ótal stillanlegum prófilum og forritanlegum tökkum. 1000Hz Ultrapolling og þolir 60 milljón áslætti.

RAZER

RAZ-BLACKWIDOW2014

19.990

FULLT VERÐ 24.990

Snerpa ehf
Mánagötu 6, Ísafirði
Sími 520 4000 - snerpa.is
Opíð virka daga 8-12 og 13-17

OPIÐ HÚS KL 15-18
FÖSTUDAGINN 28. NÓV.
LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI



snerpa
rétt leiðin



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Gústaf Gústafsson Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Auglýsingar: Litróf ehf.
Prentvinnsla: 2.200 eintök
Upplag: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Dreifing: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Stafræn útgáfa: Á ferð um Vestfirði
Önnur útgáfa: ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum
fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Með lögum skal land byggja

„Ég var bæjarstjóri þegar starfsstöðinni var lokað og á þeim tíma fullvissaði Sigurður Ingi mig um að Fiskistofa opnaði aftur og því sýndum við biðlund, en nú er sú biðlund á enda og krafan er að innan tveggja vikna verði þetta starf (fagsviðsstjóri fiskeldis) auglýst á Ísafirði, auk fleiri starfa hjá Fiskistofu á Ísafirði, sagði Daníel Jakobsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, í viðtali í afmælisblaði BB, um þá stöðu sem upp er komin með rekstur útibús Fiskistofu á Ísafirði, vegna yfirgangs fiskistofustjóra, og aðgerðarleysi sjávarútvegsráðherra, sem þrátt fyrir endurteknar yfirlýsingar um áframhaldandi rekstur útibús Fiskistofu á Ísafirði, m.a. á hinu háa Alþingi, í umræðu í kjölfar lokunarinnar á Ísafirði, þar sem hann kvaðst fullvissa þingheim um að ekki stæði til að leggja niður starfsemi fyrir vestan, sem grundvöllur var á samþykkt Alþingis og ekki hvað síst því að fiskeldi er vaxandi grein á Íslandi og hvað öflugast á Vestfjörðum.

En nú má ætla að búið sé að veita fyrirhugaðri fiskeldisstöð á Vestfjörðum náðarhöggið. Starfi fagsviðsstjóra fiskeldis, sem auglýst hefur verið, á að hola niður á Selfossi! Allt gert án vitunar ráðherrans, að sögn. „Þetta sýnir hvað embættismannakerfið er sterkt. Þrátt fyrir að ráðherra hafi sagt að þessi störf yrðu á Ísafirði, þá virðast völd embættismannanna vera það mikil að orð ráðherra skipta ekki máli,“ segir Daníel.

Þannig blasir þetta við. Þingmenn segjast ekki fá rönd við reist gagnvart embættismönnum. Miðstýringarárætt embættismannakerfisins hefur verið sögð minna á „sovébúrókrata.“ Þessari beittu samlíkingu, var svarað fullum hálsi: „Embættismenn hins opinbera geta ekki tekið (og taka ekki) ákvarðanir um mál sem ekki er pólitískur vilji fyrir.“ Það var og. Slíkar misvísandi yfirlýsingar eru markleysa. Eru það hjúin eða húsbændurnir sem ráða? Til hvers kjósum við alþingismenn? Sættir löggjafinn, hið háa Alþingi, sig við að embættismenn láti sig engu skipta vilja þess og samþykktir? Geri bara það sem þeim þykir henta? Viðkomandi ráðherra ekki spurður eins eða neins! Hvers konar samfélag er þetta eiginlega, sem við búum orðið í? Nefni menn lýðræði í þessu sambandi hlýtur þeim að sveltast á!

Lokun útibús Fiskistofu á Ísafirði ríður ekki við einteyming. Hvernig fór ekki með prófessorsstöðuna, sem tengd var nafni Jóns Sigurðssonar, forseta? Einnröma samþykkt Alþingis og yfirlýsingar þáv. forsætis-ráðherra og einstakra þingmanna voru virtar að vettugi.

Verði ekki gripið í taumana og embættismönnum gert ljóst að þeir eru þjónar almennings, ekki sjálfskipaðir einræðisherrar, mun sagan endurtaka sig um öfýrirséða framtíð. s.h.

Spurning vikunnar

Ertu hlynnt(ur) eða mótfallin(n) sameiningu Súðavíkurrepps og Ísafjarðarbæjar?

Alls svöruðu 616.

Hlynnt(ur) sögðu 316 eða 51%

Mótfallin(n) sögðu 208 eða 34%

Hef ekki skoðun sögðu 92 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Hjúkrunarheimilið Eyri verður tilbúið næsta sumar.

Ríkið borgar ekki framúrkeyrslu

Ríkið ætlar ekki að borga hlut í framúrkeyrslu við byggingu hjúkrunarheimila. Farið var að byggja hjúkrunarheimili skv. leiguleið samkvæmt ákvörðun stjórnvalda árið 2009. Samkvæmt henni eru byggingarframkvæmdir alfarið á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags en ríkið greiðir leigu fyrir húsnæðið sem er ígildi 85% stofnframlags. Hjúkrunarheimil-

ið Eyri á Ísafirði er komið 9% fram úr kostnaðaráætlun sem helgast fyrst og fremst vegna ákvörðunar um að nota aðra og endingarbættu utanhússklæðningu en upphaflega var gert ráð fyrir.

Í samtali við fréttastofu RÚV segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, að kostnaðarviðmið séu úrelt þar sem þau hafi ekki hækkað í takt

við verðbólgu. „Við glíum við það að þetta er á föstu verði frá því að farið var af stað. Það sem var býsna gott fyrir þremur árum hefur látið undan síga,“ segir Gísli Halldór. Hann bætir við að auk þess stefni í að áttakinu „Allir vinna“ ljúki um áramót og þá missi sveitarfélagið endurgreiðslu á hluta virðisaukaskatts af vinnu.

Óttast ekki meiri kostnað

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, óttast ekki að kostnaður bæjarins við byggingu hjúkrunarheimilisins Eyri verði meiri en lagt var upp með. Velferðarráðuneytið svar-

aði fyrirspurn fréttastofu RÚV um framúrkeyrslu sveitarfélaga við byggingu hjúkrunarheimila á þá leið að ríkið borgi ekki umfram upphaflegt framlag. Tilefni fyrirspurnarinnar var 200 milljóna króna framúrkeyrsla við byggingu hjúkrunarheimilis á Egilsstöðum. Fram hefur komið að bygging Eyri er komin 9% fram úr áætlunum vegna breytinga

á efnisvali utanhússklæðningar, en stefnt er að því að vinna það upp í næstu verkþáttum.

Gísli Halldór segir að staða sveitarfélaga sé misjöfn, Ísafjarðarbær verði til dæmis fyrir barðinu á því að verkefnið „Allir vinna“ falli að óbreyttu niður um næstu áramót, auk þess sem tillegg ráðuneytisins hafi rýrnað í verðlagshækkunum. „Það munar um fyrir Ísafjarðarbæ að fá ekki virðisaukaskatt endurgreiddan. Ráðuneytið segir að ekki hafi verið gert ráð fyrir verkefninu í upphaflegum samningi um hjúkrunarheimilið, en sveitarfélög sem

klára byggingu hjúkrunarheimila fyrir áramót fara engu að síður léttar út úr þessu en Ísafjarðarbær,“ segir Gísli Halldór.

Velferðarráðuneytið hefur haldið því fram að þær tölur sem samningurinn byggir á hafi verið ríflegar. „Upphæðirnar eru óverðtryggðar og hafa rýrnað með hækkandi verðlagi, en engu að síður óttast ég ekki að kostnaður Ísafjarðarbæjar verði meiri en lagt var upp með og við vonumst til að verkið endi í 960 milljónum króna,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.

– smari@bb.is

Erfitt starfsumhverfi

Einarsson veiðihjólín frá Ísafirði hafa notið mikilla vinsælla um allan heim. Það er frumkvöðullinn, Steingrímur Einarsson, sem framleiðir hjólín en sérstafa þeirra er fólgin í efninu sem notað er í smíðina sem og hönnunin og þá sérstaklega hönnunin á bremsunni sem er einstæð. Í hjólín er notað sérblandað ál sem keypt er frá Alcoa í Bandaríkjunum. „Árið 2014 er í raun fyrsta árið sem við


erum að ná sölumarkmiðum okkar. 10% sölunnar er hér innan-

lands og 90% erlendis. Við erum að selja hjólín til fimmtán landa,“ segir Steingrímur í samtali við blaðið.

„Hjólín eru selt til Skandinavíu, Bretlandseyja, Austurríki, Þýskalands, Kanada og Bandaríkjanna svo fátt eitt sé nefnt og sum þessara landa eru að detta inn núna s.s. vesturströnd Bandaríkjanna þar sem er mikil veiði, bæði saltvatns- og ferskvatnsveiði.“ Áherslur fyrirtækisins eru að breytast segir Steingrímur. „Við erum

færast meira yfir í að vera markaðs- og sölufyrirtæki heldur en framleiðslufyrirtæki. Hlutur eigin framleiðslu hefur minnkað og við látum aðra smíða fyrir okkur. Erum þannig farnir að bjóða smíðarnar út til undirverktaka sem eru bæði hér á Íslandi og erlendis. En það háir okkur að vera staddir svona langt frá markaðnum og óstöðugur gjaldmiðill og gjaldeyrishöft gera starfsumhverfið ekki við búandi.“

– sfg@bb.is



Rétta kortið hjálpar þér að upplifa ótrúlegustu ævintýri



Við bjóðum upp á ýmis fríðindi
sem tengjast kortunum okkar.
Veldu kort með þeim eiginleikum
sem henta þér.

Kynntu þér kostina á kreditkort.is



Kreditkort hf
Ármúla 28
108 Reykjavík

☎ 550 1500
☎ 550 1601
✉ kreditkort@kreditkort.is
💻 kreditkort.is

KREDITKORT



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um breytingu

á skipulagi, Ísafjarðarhöfn, Ísafjarðarbæ

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda breytingu deiliskipulagi Ísafjarðarhafnar á fundi sínum þann 6. nóvember 2014.

Breytingin felur í sér að hluti gildandi skipulags er felldur úr gildi. Breytingin er gerð í tengslum við gerð nýrra deiliskipulaga fyrir svæðið, Suðurtangi – Hafnar- og iðnaðarsvæði og deiliskipulagsins Suðurtangi – Íbúðar- og þjónustusvæði. Nýjar skipulagstillögur eru auglýstar samhlíða og er meðhöndlaðar sem ný skipulög.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórn-sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, bókasafni Ísafjarðar og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 20. nóvember 2014 til og með 1. janúar 2015. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórn-sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 12. nóvember 2014.

Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs.



Bæjarfulltrúar vilja draga verulega úr plastpokanotkun.

Samþykkt að draga verulega úr plastpokanotkun

Stefnt er að því að draga verulega úr plastpokanotkun í Ísafjarðarbæ og hefur bæjarstjórn samþykkt að fela umhverfis- og framkvæmdanefnd sveitarfélagsins að finna leiðir til að ná því markmiði. Tillaga bæjarfulltrúa Í-listans þess efnis var samþykkt einróma á fundi bæjarstjórnar. Í tillögunni kemur fram að samstillt átak íbúa, verslunareigenda, sveitarfélagsins og annarra hagsmunaaðila þurfi til, eigi árangur að nást. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að það sé al-kunna að plastpokar og aðrar plastumbúðir utan um matvæli og efnavörur hafi skaðleg áhrif á umhverfið. Plast eykur eftirspurn eftir olíu og það brotnar treglega niður í náttúrunni.

Plastpokar brotna ekki niður lífrænt í náttúrunni heldur molna á hundruðum ára í smærri ein-

ingar sem að endingu verða að plastryki, sem geta verið skaðleg náttúrunni, til að mynda fyrir lífríki hafsins. Þannig hafa hafstraumar smalað plastögnum úr plastpokum og ýmsu öðru í gríðarstóra fláka í Kyrrahafi, Atlantshafi og Indlandshafi. Plastrusl í hafi getur einnig haft verulegan kostnað í för með sér fyrir útgerðir vegna plasts sem flækist í veiðarfærum, skráfum o.s.frv. Nokkur sveitarfélög hér á landi eru þegar komin í gang með sam-bærileg átaksverkefni til að sporna við plastpokanotkun og má þar nefna Hafnarfjörð, Garðabæ og Stykkishólm, sem hlaut m.a. sérstakan styrk úr umhverfisráðuneytinu til verkefnisins.

Fyrir Alþingi liggur þings-ályktunartillaga frá þingmönnum allra flokka um að finna leiðir til að draga úr plastpokanotkun.

13% mannfjöldans á Vestfjörðum eru innflytjendur

Í byrjun þessa árs voru 27.447 innflytjendur á Íslandi eða 8,4% mannfjöldans að því er fram kemur á vef Hagstofunnar. Um er að ræða 8,1% fjölgun frá fyrra ári. Annarri kynslóð innflytjenda fjölgaði einnig milli ára, úr 3.204 í fyrra í 3.532 í ár. Samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 9,5% af mannfjöldanum eða 0,1% minna en árið 2009. Einstaklingum með erlendan bakgrunn, öðrum en innflytjendum, fjölgaði einnig lítillega milli ára, voru 6,4% mannfjöldans í fyrra en 6,5% nú.

Eins og síðustu ár eru Pólverjar lang fjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi. Hinn 1. janúar síðastliðinn var 10.141 einstaklingur upprunninn frá Póllandi eða 36,9% allra innflytjenda. Pólskir karlar voru 40,5% allra karlkyns

innflytjenda eða 5.321 af 13.140. Pólskar konur voru 33,7% kvenkyns innflytjenda. Þar á eftir koma innflytjendur frá Filippseyjum og Litháen, en frá hvoru þessara landa koma 5,2% innflytjenda.

Um síðustu áramót bjuggu 20.689 fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu, 66,8% allra innflytjenda á landinu. Hlutfall innflytjenda af mannfjölda var hæst á Vestfjörðum, en þar eru 13,2% innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð. Næst hæst er hlutfallið á Suðurnesjum þar sem 13,1% mannfjöldans eru innflytjendur eða börn þeirra. Lægst er hlutfallið á Norðurlandi vestra, en þar eru um 4,5% mannfjöldans innflytjendur eða börn þeirra.

– sfg@bb.is

HÁTÍÐ FER Í HÖND
Jólatónleikar í Ísafjarðarkirkju
Sunnudaginn 21. des kl. 20:30

Vestfirskir listamenn syngja inn jólin!
Forsala aðgöngumiða á Rakarastofunni
Silfurgötu 9 eða í s: 8623035
Hefst 20. nóvember - Miðaverð: 3000 kr.



Authentic Asia

AROMATIC CRISPY DUCK

A whole boneless aromatic duck with 24 pancakes and hoisin sauce. Simply add spring onions and cucumber.

2598
kr. stk.

CRISPY DUCK: Beinlaus forelduð/steikt önd og 24 pönnukökur og sósa. Asiueisla fyrir þrjá til fjóra

Rjúpur

FRÁ SKOTLANDI



998
kr. stk.

Frosin RJÚPA frá Skotlandi



1298
kr. 4 stk.

Skoskar frosnar rjúpnabringur 4 stk í pakka



359
12 X 7 SM
kr. stk.

398
18 X 7 SM
kr. stk.



1595
kr. kg.

Islandsnaut 100% íslenskt ungnautahakk



2598
kr. kg.

Islandsnaut fersk Ungnautapiparsteik



1198
kr. kg.

Ali Bayonneskinka úr læri 1.flokkur



KALKÚNABRINGA

Þýsk frosin



2298
kr. kg.

100% KJÖT

Tilbúin

Parf aðeins að hita



995
kr. kg

Ali elduð spareribs (grísaríf) Tilbúin, parf aðeins að hita



1579
kr. kg.

Bónus úrváls Bacon



359
kr. 10 stk.

139
kr. 5 stk.

Bónus Pylsur 10 stk. 485g
Bónus Pylsubrauð 5 stk.



898
4 x 1.5 ltr. Coke
4 dós. Blanda



1798
kr. 900g



VERÐ ÁÐUR: 559 KR.

498
kr. 12 stk.

Stjörnuegg 12 stór egg 816g



BONUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl. Gilda til 23.nóv. 2014

Talaðu við hana Sigu Gísla um pöddurnar, var svarið þegar undirritaður spurði einhvern um vænlegt viðtalsefni. Pöddurnar sem þarna var átt við eru flugnategund sem á íslensku nefnist svarta hermannaflugan, en þó einkum lifur hennar, einstaklega próteinríkar eins og aðrar lifur. Utan um ræktun þeirra til manneldis og í dýrafóður hafa þau Sigríður Gísladóttir dýralæknir á Ísafirði og Gylfi Ólafsson hagfræðingur frá Ísafirði stofnað fyrirtæki með því viðeigandi nafni Víur ehf.

Bækistöð ræktunarinnar og nauðsynlegrar tilraunastarfsemi í þessum efnum er í Bolungarvík. Hugmyndin er að láta lifurnar nærast fyrst og fremst á afgangum og afskurði frá fiskvinnslu og fiskeldi, sem ekki nýtist í annað.

Sigríður Gísladóttir er þrjátíu og þriggja ára. Hún lauk á sínum tíma stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði og síðan búfræðiprófi frá Hvanneyri áður en hún nam dýralækningar í Noregi. Þar í landi vann hún síðan í eitt ár í sínu fagi áður en snúið var aftur heim til Íslands í ársbyrjun 2013 og loks alla leið heim á Ísafjörð í sumar.

– Þú ert Ísfirðingur að uppruna ...

„Vissulega! Ég var um daginn á Vestfirðingi hjá Elísabetu Gunnarsdóttur og Arnaldi Mána Finnssyni, og þá áttaði ég mig á því að ég er Ísfirðingur en ekki Súgufirðingur eða Bolvíkingur eða Strandamaður eins og foreldrar mínir! Þau eru Vestfirðingar langt aftur í ættir.“

Foreldrar Sigu fluttust suður fyrir tæpum áratug og búa í Kópavoginum. Gísli Steinar Skarphéðinsson faðir hennar var lengst af skipstjóri á Ísafirði en Ingibjörg Sveinsdóttir móðir hennar er sjúkraliði og vinnur núna á Grund í Reykjavík. Ingibjörg fæddist í Bolungarvík og ólst upp í Reykjavík en Gísli er fæddur á Krossnesi í Arneshreppi.

Eiginmaður Sigu er Smári Karlsson, innfæddur Ísfirðingur eins og hún, ættaður meðal annars norðan úr Fljótavík.

Selskapsstúlka á Barðaströnd

Aðspurð segir Sigríður að það sé raunar tilviljun að hún lagði fyrir sig búfræði og síðan dýralækningar. En þó að hún hafi verið þéttbýlisbarn á Ísafirði var hún mikið í sveit á ungum aldri.

„Alveg frá því að ég var átta ára. Þá var ég send sem selskapsstúlka að Neðri-Arnórsstöðum á Barðaströnd og var þar tvö eða þrjú sumur. Eftir ferminu var ég fjögur sumur í Stekkjardal í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu, var þar barnfóstra og vinnukona.“

– Selskapsstúlka?
„Ég var send til að halda yngstu dótturinni á bænum selskap. Hún

var langyngst af sínum systkinum og engin börn á næstu bæjum. Ég kom þangað án þess að þekkja nokkurn mann, fór bara með rútunni frá Ísafirði. Þarna tók yndislegt fólk á móti mér, Ingvi og Sibba. Við Sólrún dóttir þeirra lékum okkur í fjörunni og rákum kýrnar og vorum með bú eins og börn gerðu fyrir sjötíu árum. Þetta var alveg meiriháttar og þarna byrjaði mín sveitamennska,“ segir Sigríður. „Það er svo fallett á Barðaströndinni!“ bætir hún við.

„Annars hefur verið dálítill sveitamennska í fjölskyldunni minni. Pabbi er mikill dýrakall. Meðal annars átti hann skjaldböku þegar hann var lítill strákur hérna inni á Kirkjubóli í Engidal. Og hvað mig varðar, þá ákvað ég að stefna að dýralækningum þegar ég var komin í menntaskólann hérna.“

– En þú fórst áður í búfræði ...
„Já, eftir að ég klára stúdentspróf byrja ég að sækja um að komast í dýralæknisnám. Það tekur tíma, mjög erfitt að komast að, þetta er eftirsótt og vinsælt nám og ekki í boði hér á landi.“

Ung pige i huset

Eftir menntaskóla fór Sigríður til Danmerkur og var eitt ár á Norður-Sjálandi sem „ung pige i huset“ eins og hún orðar það.

„Þetta felur í sér ýmis hlutverk, ég var eiginlega vinnukona á heimili fólks sem átti hesta og hunda og eitt barn. Konan var dýralæknir. Þarna byrja ég að reyna að sækja um í dýralækningum. Svo kem ég heim eftir þetta ár ytra og ákveð að fara á Hvanneyri og læra búfræði á meðan ég bíð eftir að komast inn. Þá hafði vinkona mín verið þar einn vetur og var þannig hálfnuð þegar ég kom. Hún er núna hús-freyja í Birkihlíð í Súgandafirði. Mér tókst að koma henni vestur, borgarbarni úr Breiðholti með búskapardrauma,“ segir Sigríður og hlær. „Ég er reyndar einmitt ættuð að hluta úr Botni í Súgandafirði.“

„Já, ég var á Hvanneyri í tvö ár og lauk þar búfræðiprófi og innifalið í því var þriggja mánaða verknám í Skagafirði. Á Hvanneyri lærði ég ýmislegt nytsamlegt og ónytsamlegt, meðal annars að karlkyns kanína heitir kjáni og kerlingin kæna. Þegar ég er að klára þetta sendi ég umsókn til Noregs, ég var nú með til vara að fara í líffræði, en svo kemst ég inn í dýralæknisnámið nokkuð óvænt. Ég var hjá Hafsteini og Kiddý sem leiðsögumaður í Vigurferðum þegar ég fékk staðfestingu á skólavist í Dýralæknaháskólanum í Osló [Norges Veterinærhøgskole] síðsumars 2004.“

Ormalyfjaónæmi í sauðfé í Austur-Húnavatnssýslu

– Hvað var þetta langt nám?
„Námið sjálft er sex ár. Ég tók mér þann tíma sem ég þurfti og



kláraði 2011. Síðustu árin var áherslan mest á búfénað. Valsvið á lokaárinu var búfjársjúkdómar og hjarðheilsa og lokaverkefnið fjallaði um ormalyfjaónæmi í sauðfé í Austur-Húnavatnssýslu.“

– Hvað tók svo við að loknu dýralæknisprófi?

„Þá var að leita sér að vinnu! Við Smári vorum þarna úti og náttúrulega blönk eins og allir námsmenn. Það sem stóð til boða var annars vegar að taka lán og fjárfesta í alls konar tækjum og tólum og gerast sveitadýralæknir í Noregi, og hins vegar að prófa eitthvað nýtt án þess að þurfa mikið annað en bñl.

Ég sá auglýst starf fiskeldis-

dýralæknis norður á Hálogalandi, við *Helgeland Havbruksstasjon* í bæ sem heitir Sandnessjøen, og ákvað að prófa. Það blundaði í mér smá áhugi á fiskeldi, líklega frá því afi minn Sveinn Guðnason stundaði laxeldi í Botni í Súgandafirði ásamt systkinum sínum fyrir mörgum árum. Í Sandnessjøen var ég við almenn dýralæknisstörf við heilbrigðisskoðanir, sjúkdómaeftirlit og forvarnir í fiskeldi, bæði sjóeldisstöðvum og seiðastöðvum í laxeldi, auk ýmissa annarra verkefna.

Við flytjum til Sandnessjøen í janúar 2012 og erum þar í eitt ár. Þarna kynntist ég fiskeldisiðnaðinum eins og hann er í Noregi, algjör stóriðja með kostum og göll-

um,“ segir Sigga.

Fengu mikla athygli og samúð og samkennd

„Það var óskaplega gott og skemmtilegt að vera í Osló, okkur þykir mjög vænt um þá borg, og við eigum marga góða vini þar.

Auðvitað er lærdómsríkt að vera í erfiðu námi og langt frá sínu fólki, en svo erum við líka þarna úti þegar Hrunið dynur yfir. Það var ekkert mjög skemmtilegt. Við fengum mikla athygli og mikla samúð og samkennd frá Norðmönnum eins og allir íslenskir námsmenn í Osló. Við vorum tekin í viðtöl í fjölmiðlum, bæði sjónvarpi og blöðum, og látin segja frá þessu öllu.



Sigga og pöddurnar

Þetta var mikill óvissutími. Allt frá haustinu 2008 hrynur íslenska krónan. Við vorum með námslánin í norskum krónum en greiðslan frá bankanum var í íslenskum krónum, sem þýddi það að framfærslupeningarnir helminguðust. Svo næst þegar lánin voru reiknuð var framfærslan enn í norskum krónum, en nú á eftirhrunsgengi, þannig að þá þýddi það meiri lántöku hjá LÍN. Það var nú „forsendubrestur“ íslenskra námsmanna í útlöndum.

Við slíkar aðstæður er þó líklega einna best að vera í Osló. Þar er gott að vera námsmaður, þú þarft ekki bíl, þú býrð frekar ódýrt og svo er hægt að kaupa ódýran mat. Það var ágætt að

vera þarna, og Noregur er í heildina tekið gott samfélag.

En svo fór okkur að langa heim, enda áttum við okkar foreldra og systkini og aðra ættingja og vini hérna heima. Við vorum alltaf að reyna að finna einhverja leið til að komast heim. Ég ákvað að kanna málin hjá dýralækni fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun og þar reyndist vanta manneskju til starfa.

Heim til Íslands

„Ég segi upp í Sandnessjøen og við flytjum heim til Íslands í ársbyrjun í fyrra. Fyrst flytjum við í Kópavoginn og búum í kjallaranum hjá foreldrum mínum og ég er að vinna hjá Matvælastofn-

un á Selfossi. Þar er fiskeldið, eins og frægt er orðið. Þar var ég bæði í ýmsu sem varðaði fiskeldi en líka í hlutastarfi sem dýralæknir loðdýrasjúkdóma.

Í sumar flutti ég svo hingað vestur og fékk að starfa áfram hjá Matvælastofnun með skrifstofu á Ísafirði. Ég fór þess á leit við mína yfirmenn að fá að fara vestur og flytja starfið með mér að hluta til, eftir að flugnaverkefnið kom til sögunnar. Og það var ekkert mál, bæði ráðherra og mínir yfirmenn voru mjög hlynntir því að dreifa kröftum stofnunarinnar.“

Starfsheiti Sigríðar hjá Matvælastofnun er sérgreinadýralæknir loðdýrasjúkdóma og eftir-

litsdýralæknir fisksjúkdóma.

„Þetta er mjög fjölbreytt, fiskeldið hér á landi er miklu fjölbreyttara en í Noregi. Þar er nánast eingöngu laxeldi og regnbogasilungur en hér er fjölbreytnin miklu meiri. Á Íslandi er alinn lax, bleikja, senegalflúra, regnbogasilungur, sæeyru og beitarfiskur og fleiri tegundir mætti telja. Gaman að segja frá því, að í eldinu á okkar aðaltegund, bleikjunni, eru Íslendingar mestir sérfræðingar í heimi. Hér hefur safnast fyrir mjög mikil þekking á bleikjueldi og bleikjusjúkdómum.“

Ræktun skordýra til manneldis og sem dýrafóður

Núna er rúmt ár síðan ákveðin hugmynd fór að gerjast í kollinum á Sigríði og gömlum skólafélaga hennar í Menntaskólanum á Ísafirði, Gylfa Ólafssyni hagfræðingi (syni Áslaugar og Ólafs sem áttu Hótel Ísafjörð og ráku af sérstökum myndarbrag í fjölda ára). Hugmyndin gengur út á að kanna hvort ræktun skordýra gangi upp á Íslandi. Eiginlega má segja að þau Gylfi og Sigga hafi fengið flugu í höfuðið (svörtu hermannafluguna).

„Gylfi er heilsuhagfræðingur og grænmetisæta og ég dýralæknir. Ég er nú lítillát eins og konur eiga að vera [hlær] og tek fram að þetta var nú hans hugmynd í upphafi. Gylfi fékk mig í

lið með sér hvað líffræðina í þessu varðar en hann hafði verið að spekulera í hagfræðinni í þessum efnunum.

Við ákváðum að senda inn umsókn um svólítinn styrk frá Landsbankanum. Þar fengum við pening, og þá var bara að halda áfram.

Róttin að þessu öllu er skýrsla sem kom út hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna [FAO] fyrir tveimur árum eða svo, og fjallar um skordýr og neyslu á þeim í heiminum. Þar er fjallað um það hvaða tækifæri felast í því að nýta skordýr bæði til manneldis og sem dýrafóður. Þetta kemur til af því að menn sjá fram á að árið 2050 verði mannkynið orðið nú milljarðar. Við vitum að ekki verður ræktað öllu meira af matvælum á landi, þannig að þá verður að horfa bæði til sjávarins og loftslans.

Éta lífrænan úrgang með ógnarhraða

„Einn af fýsilegum kostum sem nefndir eru í þessari skýrslu er svarta hermannaflugan [*Hermetia illucens*]. Hún er hættulaust skordýr bæði mönnum og dýrum, friðsöm rólegheitafluga sem finnst víða um heim. Lirfurnar éta lífrænan úrgang, svipað og lirfur húsflugunnar, en gera það með ógnarhraða. Úr verður stór og feit lirfa sem er heppileg í fóður. Líka hefur hún ýmislegt annað notagildi, svo sem í lyfja- og efnaiðnaði, því að fitan í henni er mjög sérstök. Þriðji kosturinn við hana er að eftir að hún hefur étið fylli sína skilur hún eftir sig efni sem hentar vel sem áburður, til dæmis í gróðurhús.

Svo tókum við þátt í Nýsköpp-

unarkeppni Vestfjarða og fengum þar fyrstu verðlaun og fjárstyrk. Þetta gekk út á að nýta lífrænan úrgang á Vestfjörðum, eða lífrænar aukaafurðir, eins og maður á vísit að kalla þetta núna. Það sem til fellur hér á Vestfjörðum af slíku er auðvitað aðallega frá fiskvinnslu og fiskeldi.

Hér er líka að verða mikil fódurþörf með vaxandi fiskeldi, þannig að við sjáum fyrir okkur að þetta geti orðið sjálfbær framleiðsla. Allur sá afskurður og úrgangur sem til fellur í fiskvinnslu og ekki er nýttur í annað er talsvert magn. Og annað sem til fellur í talsverðu magni er auðvitað lífrænn heimilisúrgangur, sem hefur verið vandamál að losa fólk við.“

Þau Sigga og Gylfi eru búin að fá inni með tilraunastarf sitt í Bolungarvík og hafa fengið svartar hermannaflugur frá Þýskalandi.

„Við erum að byrja með ræktun og komin þar á annað stig. Við höfum verið að innrétta húsnæðið og koma upp aðstöðu til rannsóknna. Við þurfum til dæmis að rannsaka hvernig lirfunum líkar að éta fisk alla daga.“

– Þarf ekki mikið pláss fyrir svona ræktun?

„Nei nei, það er þá hægt að fara bara upp í loft. Flugan þarf ákveðnar aðstæður á mismunandi lífsskeiðum. Sem fluga þarf hún birtu og raka og góðan hita, eiginlega það herbergisaðstæður, til að hún geti makast og fjölgað sér. Þegar hún er komin á lirfustig og farin að éta þarf hún bara stofuhita.

Tæknin er nokkuð sem þarf að leysa, en við gerum það ekkert tvö ein. Ef áætlanir okkar núna



varðandi rannsóknastyrki ganga upp, þá sjáum við fyrir okkur að geta fari að þróa betur tæknina við ræktunina, með réttu sérfræðingunum. Við höfum fundið mikinn velvilja og allir eru mjög spenntir fyrir þessu.“

Megintilgangurinn að minnka umhverfsáhrif fiskeldis

– Hvernig yrðu lirfurnar notaðar sem fóður fyrir menn og aðrar

dýrategundir?

„Það er hægt að nýta lirfurnar heilar í fiskifóður eða gæludýrafóður. Best er þó að kreista fituna úr þeim og gera mjöl úr próteinkökunni sem verður eftir, svipað og gert er varðandi fiskimjöl.“

Sigríður segir að megintilgangurinn með þessu öllu sé að minnka umhverfsáhrif fiskeldis. Þau eru mjög mikil og felast að miklu leyti í fóðrinu.

„Hérlandis er fiskimjölíð sem notað er sem fóður að vísu að mestu leyti innlent. Fiskimjöl á heimsvísu er aftur á móti að mestum hluta úr uppsjávarfiski úr Kyrrahafinu, og þeir stofnar standa ekki vel. Það eru ekki beint sjálfbærar veiðar eins og við stundum hér.

Og vegna þess að fiskimjöl er orðið dýrt, þá eru menn farnir að blanda sojamjöli í fiskifóður.

Sælkerar vikunnar eru Þórdís Jónsdóttir og Höskuldur Bragason á Ísafirði

Cornflakes kjúklingur

Við ætlum að bjóða upp á rétti sem er mjög vinsælar á okkar heimili og flestir ættu að ráða við.

Cornflakes-kjúklingur
Fjórar kjúklingabringur.
2 dósir 10% sýrður rjómi.
Krydd til að bragðbæta sýrða rjómann, t.d. eðalkjúklinga-krydd frá Pottagöldrum og sweet chili sósu.
4-6 dl Cornflakes, mulið.
Olía.

Skolið kjúklingabringurnar, þerrið og skerið í tvennt eftir endilöngu. Hrærið saman sýrðan rjóma, krydd og chili sósu í skál og smakkið til. Veltið kjúklingabringunum upp úr sýrða rjómanum og síðan upp úr Cornflakes þannig að flögurnar þeki vel hvern kjúklingabita. Raðið kjúklingnum í eldfast mót og hellið svolítili

olíu yfir svo bitarnir festist síður við. Eldið í 180C heitum ofni í u.þ.b. 40-45 mín eða þar til kjúklingurinn er gegnum steiktur.

Berið fram með sætum kartöflum, kaldri hvítlauks- eða pipar-sósu og jafnvel salati. Einnig er gott að bjóða upp á hrísgrjón í stað sætra kartafna. Læt fylgja eina auðvelda af sætum kartöflum

Tvær meðalstórar, sætar kartöflur.
1 dós Dala feti í kryddolíu.

Skerið kartöflurnar í litla bita og setjið í eldfast form. Hellið úr fetaosts krukkunni yfir kartöflurnar og bakið í 180C í 40-45 mín. Þetta meðlæti hentar sérstaklega vel Cornflakes –kjúkl-ingnum þar sem eldunartíminn er sá sami.

Frönsk súkkulaðikaka

80 g smjör
100 g suðusúkkulaði
3 egg
3 dl sykur
1 tsk vanilludropar
1 ½ dl hveiti
1 tsk salt

Stillið ofninn á 175°C með blæstri. Bræðið saman smjör og súkkulaði í potti við vægan hita. Þeytið egg og sykur mjög vel saman þar til blandan er létt og ljós. Bætið hveiti og salti varlega saman við eggjablönduna. Bætið súkkulaðinu að lokum út í. Hellið í bökunarform (ég notaði 22 cm) og bakið í 15 mínútur í ofninum. Gerið karmellusósuna á meðan. Eftir 15 mínútur takið þá kökuna þá úr ofninum stráið pekanhnetum yfir og hellið síðan karmellusósunni yfir allt og látið aftur inn í ofn í 20 mínútur. Þegar kakan er komin úr ofninum stráið þá söxuðu súkkulaði yfir hana.

Karmellusósa
60 g smjör
1 dl púðursykur
2 msk rjómi
100 g pekanhnetur, grófsaxaðar
100 g suðusúkkulaði, saxað

Bræðið púðursykri og smjöri saman í potti. Þegar þetta hefur blandast vel saman, bætið þá rjómanum út í og hrærið í um

mínútu. Stundum leik ég mér með það á hvaða tímapunkti ég læt karmelluna yfir. Stundum eftir 15 mínútur og stundum þegar að 5-10 mínútur eru eftir að baksturtíma. Hún breytir aðeins um áferð við það en er sjúklega góð hvernig sem er.

Við ætlum að skora á Elsu G. Borgarsdóttur og Ásgeir Hólm Agnarsson að vera næstu sælkerar vikunnar.

10

FIMMTUDAGUR 20. NÓVEMBER 2014

Breyting á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti 23. október 2014, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018, samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í því að færa inn á uppdrátt eftirfarandi breytingar á legu Djúpvegar:

- Í Álfafjarðarbotni.
- Þverun Reykjarfjarðar.

Einnig er útfærð nánar stefnumörkun sveitarstjórnar um frístundabyggð í Reykjanesi í samræmi við þau sjónarmið sveitarstjórnar sem fram koma í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Súðavíkurhrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Súðavíkurhrepps.



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um skipulag

Suðurtangi – Íbúðar- og þjónustusvæði, Ísafjarðarbæ

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda breytingu deiliskipulagi á fundi sínum þann 6. nóvember 2014.

Skipulagssvæðið liggur á vestanverðum Suðurtanga, neðsta hluta Eyrarinnar. Svæðið afmarkast af Ásgeirsgötu og Ásgeirsbakka í norðri og af hafnar- og iðnaðarsvæði í austri. Skipulagssvæðið er tæpir 10 ha að stærð. Á svæðinu eru tíu byggingar á sjö lóðum. Skipulagssvæðið er ætlað fyrir blandaða byggð þjónustu og íbúða.

Alls er gert ráð fyrir 63 lóðum á svæðinu, þar af 57 nýjum. Jafnframt er gert ráð fyrir öflugum útivistarsvæðum fyrir íbúa svæðisins og nágrennis og gönguleiðum sem tengja svæðið við efri hluta Eyrarinnar.

Lögd er áhersla á þetta, smágerða byggð sem ber einkenni þess yfirbragðs sem er að finna innan eldri byggðarinnar á Eyrinni, s.s. hægra megin í Pólgötu, í Mjallargötu, Mánagötu, Hrannargötu og Sól-götu, Tangagötu, Þvergötu, Smiðjugötu, Silfurgötu, Grundargötu, vinstra megin í Sundstræti og hægra megin í bæði Aðalstræti og Hafnarstræti. Með þessu móti er komið til móts við áherslur gildandi aðal-skipulags um fjölbreyttar lóðar sem nýti sérstöðu hvers hverfis.

Samhliða staðfestingu þessa deiliskipulags er mörkum gildandi skipulags breytt þannig að það nær að mörkum þessara tveggja nýju skipulaga, þ.e. þessa skipulags, *Suðurtangi – Íbúðar- og þjónustusvæði og deiliskipulagsins Suðurtangi – Hafnar- og iðnaðarsvæði*.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórn-sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, bókasafni Ísafjarðar og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 20. nóvember 2014 til og með 1. janúar 2015. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórn-sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 12. nóvember 2014.

**Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs.**

Laxinum, sem er rándýr, er það óeðlilegt og fer misvel í hann. Líka er framleiðsla sojamjöls slæm fyrir umhverfið. Það er verið að höggva regnskóga í Suður-Ameríku til að búa til sojaakra.

En með því að nýta þennan lífræna úrgang sem við erum hér að urða eða henda, þá erum við vonandi að leggja okkar af mörkum til bættar umgengni við náttúruna.

Núna í haust fór Sigríður á nám-skeið í ræktun hágæðaskordýra við Ríkisháskólann í Mississipi (Mississippi State University).

„Þar kom einmitt fram, að ef okkur tækist að framleiða úr skordýrum þó ekki væri nema eitt prósent af allri próteinframleiðslu í heiminum, þá værum við samt að hafa jákvæð áhrif.“

– Hver eru næstu skrefin hjá ykkur í Víum?

„Núna höldum við áfram að byggja upp stofninn sem við erum komin með. Lífræðin er auðvitað hvikul og það getur ýmislegt komið upp á, eins og allir vita sem hafa haldið skepnur. En vonandi tekst mér að annast nógu vel um flugurnar þannig að þær gefi af sér miklar og góðar afurðir.“

Og síðan þegar við erum komin með ákveðinn massa af flugum getum við farið að gera tilraunir með fiskislóg og annan lífræna úrgang. Jafnframt erum við í samstarfi við rannsóknastofnanir eins og Matís. Við erum mjög spennt að sjá hvernig lírfurnar taka við fiskmetinu og hvernig þær dafna af því, í mismunandi blöndum og útfærslum, við höfum vís-

bendingar um að þetta fari mjög vel í þær og þá verður gott að geta sýnt fram á að þetta gangi upp.“

Hér má nefna, að Víur ehf. fengu hæsta styrk frá Vinnumála-stofnun vegna átaksverkefnis um atvinnumál kvenna.

„Það er mjög gott, það er mikið verið að hugsa um konur þessi árin, konur á landsbyggðinni og konur í nýsköpun og allt það!“

Félagsmál og ferða-lög – og kórsöngur

– Hvað gerirðu helst í tómstundum, ef einhverjar eru?

„Eftir að ég kom aftur hingað vestur hafa þær nú verið fremur litlar. En við Smári ferðumst eins og við getum um landið og finnst það mjög gaman. Svo er ég í stjórn Dýralæknafélags Íslands, og meðan ég bjó í Kópavogi var ég mjög dugleg í Vinstri grænum þar í bæ, meðal annars með honum Ólafi Gunnarssyni lækni.“

Annars sinnir maður bara sinni vinnu, það er lítið annað sem kemst að. Það væri gaman að finna einhvern kór sem mér finnst nógu skemmtilegur. Ég var í Íslendingakórnum í Osló, Ískórnum, og líka var ég þar í ýmsum félagsmálum Íslendinga í Nor-egi.“

Þá er ekkert annað eftir en að óska Sigu og Gylfa og víum svörtu hermannaflugunnar velfarnaðar. Og vona að nógu skemmtilegur kór finnist.

– Viðtal Hlynur Þór Magnússon.

Hættir við verksmiðju í Bolungarvík

Íslenska kalkpörungafélagið ehf. hefur fallið frá áformum sínum um uppsetningu á kalkpörungaverksmiðju í Bolungarvík. Fyrirtækið á nú í viðræðum við sveitarstjórn Súðavíkurhrepps um að reisa verksmiðju í Súðavík. „Það raknaði upp úr samningaviðræðum okkar í Bolungarvík,“ segir Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkpörungafélagsins. Hann vill aðspurður ekki tjá sig frekar um

ástæður þess að upp úr slitnaði í samningaviðræðum við Bolvíkinga. Hann segir aftur á móti að Súðavík sé um margt hentugri staður.

„Súðavík er nær hráefnisvæðunum í Ísafjarðardjúpi. Það var búið að segja okkur að Súðavík væri ekki inni í myndinni vegna raforkumála en við ætlum að láta reyna á það. Áætlanir Orkubúsins miða við að nýr strengur til Súðavíkur komi í gegnum jarðgöng

en ég trúi því ekki að Súðvíkingar eigi að bíða eftir göngunum til að fá nútímalegt raforkukerfi, göngin eru ekki einu sinni komin á samgönguáætlun,“ segir Einar Sveinn.

Í ágúst var greint frá því að

tilboði Íslenska kalkpörungafélagsins í húsnæði loðnubræðslunnar í Bolungarvík hafði verið tekið en verksmiðjan í Bolungarvík átti að vera í bræðslunni. Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, sagði við það

tækifæri að „það hillir undir að það náist stór áfangi í atvinnumálum í Bolungarvík.“ Eignarhluti í Elíasar í Ufsum ehf., sem á loðnubræðsluna, var tilefni gagnrýni frá Soffíu Vagnsdóttur, þáverandi bæjarfulltrúa.



Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
Léttar • Sterkar • Traustar

Hafðu samband og kynntu þér vörurvalið og þjónustuna

Ísnet Húsavík • s. 5 200 555
Ísnet Akureyri • s. 5 200 550
Ísnet Sauðárkrúkur • s. 5 200 560
Kristbjörg Ólafsfjörður • s. 5 200 565



ÍSFELL
www.isfell.is

Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

Ekki verið tilkynnt um að kalkpörungafélagið væri hætt við

Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, segist ekki hafa fengið neina tilkynningu frá Íslenska kalkpörungafélaginu ehf. um að það væri hætt við að setja á fót kalkpörungavinnslu í Bolungarvík og væri að horfa til byggingar verksmiðju í Súðavík. „Þeir hafa ekki sent okkur nein erindi um slíkt enda hefur Bol-

ungarvíkurkaupstaður ekki verið í neinum formlegum viðræðum félagið. Bæjaryfirvöld hafa hinsvegar kynnt félaginu góðar aðstæður í sveitarfélaginu til slíkrar starfsemi á fundum með Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Vegagerðinni,“ segir Elías.

Hann segir að honum hafi verið kunnugt um að félagið hafi verið

að kanna fleiri möguleika til að reisa verksmiðju við Ísafjarðardjúp. Elías telur hinsvegar að aðstæður í Bolungarvík henti vel til uppbyggingar á hafnsækinni atvinnustarfsemi þ.m.t. vinnslu kalkpörunga og áfram verði unnið að því að vekja athygli fjárfesta á þeirri staðreynd í samvinnu við Atvinnuþróunarfélagið.

Loforð, efndir og umfjöllun

Nú láta margir illa vegna skuldaleiðréttingarinnar. Aðrir láta vel af. Þeir eru reyndar fleiri. Fyrri ríkisstjórn átti alla kosti til þess að hjálpa skuldseigum almenningi vegna íbúðalána, sem hækkuðu mjög við fall íslensku einkabankanna og Sparisjóðs Keflavíkur, er yfirtekið hafði Sparisjóð Vestfirðinga, Hún hugsaði líka um banka- og íbúðalánasjóð, sem áttu skuldir íbúðaeigenda, þegar 110 prósent leiðin var fundin upp til þess, að því er best verður séð, að binda skuldara á klafa skulda um langt skeið, án þess að egnast neitt. Ekki þarf nýmóðins reiknitæki til þess að sjá að ekki lofar góðu að skulda umfram veð sem standa skal undir skuldinni. Núverandi stjórnarandstöðu þingmenn og fyrrverandi stjórnarþingmenn sjá svart þegar minnst er á að léttu forsendubresti af þeim er ekki höfðu tekið gengistryggð lán, sem dómstólar mátu ólögleg.

Einn athyglisverðast er að hlusta á formann Samfylkingarinnar, sem var ráðherra í fyrri ríkisstjórn, sem Jóhanna Sigurðardóttir stýrði að margra sögn, gagnrýna lækun skulda og hafa allt á hornum sér þess vegna. Vissulega er vont að þurfa að grípa til þessara ráða, en ætlun ríkisstjórnar er að ná þessu fé inn með skattlagningu á gömlu föllnu bankanna. Líkt og með flest annað í lífinu er ekki öruggt að það gangi eftir, en líkur að mati forsætisráðaherra eru all

miklar að svo takist til. Enn betra væri að eiga ríkispeningana sem Steingrímur J. Sigfússon setti í Sparisjóð Keflavíkur. Sá sjóður rændi fé margra Vestfirðinga og loks tugum milljarða sem ríkisstjórnin færði honum. Samt fór hann á hvínandi hausinn og skattar okkar fóru fyrir lítið. Þeir hurfu í hítina. En stjórnendur hans sluppu við Sérstakan saksóknara að því er best verður séð.

Það hlýtur að vera mörgum sárt að horfa á Framsóknarflokk standa við kosningaloforðin, sem Árni Páll og samherjar úr Samfylkingu og Vinstri grænum, auk stuðningsmanna úr röðum Pírata, sem sumir héldu lífinu í Jóhönnustjórninni, hafa hamast gegn. „Óþarfi er að hrósa Framsókn“ sagði gamli maðurinn, „en þeir mega eiga það sem þeir sannarlega eiga, blessaðir“. Þeir lofuðu og efndu. Þá verða stjórnarandstöðupingmenn súrir, einhver gæti sagt, öfundsjúkir og illir. Forsætisráðherra er á hinn bóginn glaður og ánægður líkt og þeir sem njóta góðs af. Umfjöllun andstæðinga þess að léttu undir með almenningi eru skiljanleg. Þeir hefðu getað gert betur, en eyddu milljörðum í alls konar gæluverkefni og rannsóknir sem litlu eða engu skiluðu. Um það mætti fjalla líka. Þjóðin borgaði það, en gleymaska hennar bjargar Árni Páli og samstarfsmönnum hans úr öllum áttum.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakandi umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnéfni sitt.



Kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal.

Niðurstöður liggja fyrir í mars

Niðurstöður úr rannsóknnum Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., í Ísafjarðardjúpi, ættu að liggja fyrir í mars á næsta ári og þá kemur í ljós hvar í Djúpinu fyrirtækið sækir um námuleyfi. Fyrirtækið rekur kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal og ráðgerir að opna aðra verksmiðju í Bolungarvík, sem verður að öllum líkindum til húsa í gömlu loðnu-bræðslunni. Að minnsta kosti þrjú til fjögur ár tekur að koma verksmiðjunni í notkun að sögn Einars Sveins Ólafssonar, framkvæmdastjóra félagsins.

Einar Sveinn segir mikilvægt að styrka raforkukerfið í Ísafjarðardjúpi fyrir verksmiðjuframleiðslu. „Hérna á Bíldudal má t.a.m. ekki fugl fljúga á raforkulínu án þess að við missum orkuna. Fyrir stuttu datt t.d. rafmagnnið út í átta klukkutíma, þannig að raforku-

kerfið er viðkvæmt hérna. Það þarf að hringtengja raforkukerfið til að tryggja afhendingaröryggi og fá inn meiri orkuframleiðslu á svæðið, t.d. Hvalárvirkjun,“ segir Einar Sveinn.

Kalkþörungafélagið er einnig með áform um verksmiðju í Stykkishólmi, en þar er verið að skoða aðra framleiðslu en kalkþörunguna. „Við viljum nýta þær auðlindir sem eru til staðar í Breiðafirði og búa til verðmæti úr þeim. Núna er verið að semja við bæjaryfirvöld um aðstöðu, svo sem byggingarland, og orku fyrir framleiðsluna. Við erum með stórt sölu- og dreifingarkerfi um allan heim og við sjáum ýmis tækifæri þarna sem passa inn í rekstur okkar. Þá erum við til dæmis að skoða próteinframleiðslu og að vinna vörur úr þangi,“ segir Einar Sveinn.

Einstakt tækifæri fyrir Súðvíkinga

Bygging kalkþörungaverksmiðju í Súðavík er einstakt tækifæri fyrir Súðavíkurhrepp að sögn Péturs G. Markan sveitarstjóra. Hreppnum hefur borist formlegt erindi frá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. um að teknar verði upp viðræður til að kanna möguleika á kalkþörungavinnslu í Súðavík. „Þetta er spennandi verkefni sem getur fært Súðavík mikið en það þarf að stíga varlega til jarðar og vinna þetta í sátt við íbúa og hagsmunaaðila svo útkoman verði Súðavíkurhreppi og Súðvíkingum í hag,“ segir Pétur.

Pétur sér nokkra möguleika í stöðunni hvað varðar staðsetningu verksmiðjunnar. „Endanleg staðsetning er á hugmyndastigi

og menn hafa nokkra valmöguleika í huga. Við horfum til þess að Íslenska kalkþörungafélagið hefur verið mikil lyftistöng fyrir samfélagið á Bíldudal og eins og þetta liggur fyrir þá er verið að tala um fjárfestingu á skala sem ekki hefur sést áður í Súðavík og 12-15 bein störf til að byrja með,“ segir Pétur.

Raforkubörf kalkþörungaverksmiðju í Súðavík er um það bil 6 megawött og segir Pétur dreifikerfið í dag ekki geta borið það. „Þetta er ekki bara tækifæri fyrir íbúa Súðavíkurhrepps heldur er þetta frábært tækifæri og tilefni fyrir Orkuþingið að efla dreifikerfið til Súðavíkur en það stenst ekki nútímakröfur.“ – smari@bb.is

Bílstjóri óskast



Pósturinn á Ísafirði óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti. Viðkomandi þarf að sjá um póstdreifingu á Þingeyri og í Dýrafirði.

Vinnutími er frá kl. 08:00-16:45 og þarf viðkomandi að geta hafið störf 15. desember.

Umsóknarfrestur er til 30. nóvember.

Umsóknum skal skilað á netfangið hrafnhildurs@postur.is eða á Pósthúsið á Ísafirði.



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæði á Þingeyri, Ísafjarðarbæ

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda deiliskipulagstillögu á fundi sínum þann 6. nóvember 2014.

Deiliskipulagið tekur til miðbæjar- og hafnarsvæðis á Þingeyri, þ.e. byggðar við Fjarðargötu og Hafnarstræti milli hafnar og upp fyrir Brekkugötu. Skipulagssvæðið er um 19,2 ha að stærð.

Með samþykkt tillögu að deiliskipulagi þessu fellur deiliskipulag hafnarsvæðis frá árinu 2001 úr gildi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 7 óráðstöfuðum lóðum á athafna- og þjónustusvæði, á miðbæjarsvæði eru tvær lóðir sem ætlaðar eru fyrir nýbyggingar, Fjarðargata 3 og 12

Sérstök áhersla er lögð á verndun elstu byggðarinnar og uppbyggingu gamalla húsa.

Gert er ráð fyrir að færa Gramsverslun frá Vallargötu 1 yfir á nýja lóð við Hafnarstræti 8.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, Íþróttamiðstöðinni á Þingeyri og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 20. nóvember 2014 til og með 1. janúar 2015. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 14. nóvember 2014.

**Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs.**

Sportið í beinni...

Laugardagur 22. nóvember

kl. 15:00 Chelsea - WBA
kl. 15:00 Leicester - Sunderland
kl. 15:00 Man. City - Swansea
kl. 15:00 Everton - West Ham
kl. 15:00 Stoke - Burnley
kl. 15:00 Newcastle - QPR
kl. 17:00 Eibar - Real Madrid
kl. 17:30 Arsenal - Man. Utd.
kl. 19:00 Barcelona - Sevilla
kl. 21:00 Deportivo - Real S.

Sunnudagur 23. nóvember

kl. 13:30 Crystal P - Liverpool
kl. 16:00 Hull - Tottenham

Mánudagur 24. nóvember

kl. 20:00 Aston V. - South.pton

Þriðjudagur 25. nóvember

kl. 17:00 CSKA Moscow - Roma
kl. 19:45 PSG - Ajax

kl. 19:45 Schalke - Chelsea

kl. 19:45 Man. City - Bayern M

Miðvikudagur 26. nóvember

kl. 17:00 Zenit St. P - Benfica

kl. 19:45 L Razgrad - Liverpool

kl. 19:45 Basel - Real Madrid

kl. 19:45 Arsenal - Dortmund

Dagar Íslands

20. nóvember 1772: Snjóflóð

féll á tvo bæi á Látraströnd við Eyjafjörð. Fjórir fórust.

Manni var bjargað úr flóðinu tíu dögum eftir að það féll.

21. nóvember 1993: Endurvarp hófst frá nokkrum erlendum sjónvarpsstöðvum, í samvinnu við Stöð 2, undir heitinu Fjölvarp.

22. nóvember 1907: Giftar konur í Reykjavík fengu kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna og nýttu sér hann nokkrum mánuðum seinna. Alþingi féllst ekki á að allar konur fengju þennan rétt fyrr en tveimur árum síðar.

23. nóvember 1939: Fyrsta orrusta herskipa í seinni heimsstyrjöldinni var háð undan suðausturströnd Íslands. Þýsku skipin Scharnhorst og Gneisenau sökkту breska skipinu Rawalpindi. Um 270 hermenn fórust en 23 var bjargað.

24. nóvember 1951: Þátturinn Óskálög sjúklinga hóf göngu sína í Ríkisútvarpinu. Stjórnandi var Björn R. Einarsson. Þessi þáttur var á dagskrá vikulega til okt. 1987.

25. nóvember 1961: Sundlaug Vesturbæjar var vígð.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

SA 10-15 m/s og súld eða dálítill rigning. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag:

Austlæg eða breytileg átt og víða rigning eða slydda. Hiti 0-8 stig, hlýjast syðra.

Horfur á sunnudag:

Hæg breytileg átt og skúrir eða slydduél, en fremur milt.

Krossgátan



Jón Steingr.	Skóla- stjóri Ös		Vitleysa	Forndýr Blíð		Túttu	
	Flýtir			Sérhlj.			
→						↘	
Mjaki				Eins um þ			
				Flan Ótta			
Ísl. stafur		Hjól- móðir	Eyðingu	Óðara Til			
				Tónn			
Blóts- yrði							þar til
Seturs							
→				Rum			
				Nabbi			↓
Vafi							
Bogi							
→		Lims			Kjötkaśsa		
		Áfengi			Tón- tegund		
Próftitill	↕			Stigabrep		Róð	Þvengur Veita tign
						Gengi	
Býli			Kærleiks- hót			Ending	
Fugl			Manns			Flagðið	
→					Læri Stafur		
					Eignir		
Átt		Samst.		Úrskurði			
Ögn		Skortur- inn		Maðkur			
→					Dýrahljóð		Tala
					Góðgæti		Kjaft
Veghluti Hirsla							
→							
Ísl. stafur Ritir						Byrðingur	
						Hljóta	
Klókindi	↘			Andlát			
→							
					Bað		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



DEKURHÚSIÐ
Hárfota

Deurhúsið, Súðavík

Öll almenn hársnyrtng
fyrir dómur og herra
í rólegu og notalegu
umhverfi.

Tímamantanir
í síma: 456 5070

Þú ert alltaf velkomin í
Deurhúsið

Bestu knéðjur,
Laufey

Lausn á síðustu krossgátu

Jón
Steingr.

F

A

L

L

Í

S

T

Ú

B

E

F

A

S

E

M

I

S

D

I

L

L

K

S

K

E

I

T

R

A

Ð

S

E

K

K

S

T

R

A

U

S

T

L

E

I

K

Á

T

A

S

L

Ó

A

Á

U

N

D

R

A

D

R

A

M

B

S

Ó

A

Ó

D

Ó

A

L

Ó

S

Æ

L

U

N

A

Ð

S

I

V

Æ

G

A

R

A

T

T

K

O

S

T

R

O

L

L

A

U

A

L

V

E

G

A

L

I

N

A

F

L

E

I

T

K

U

L

N

A

L

A

G

K

A

B

Y

S

S

A

B

Ó

N

U

S

A

R

N

Ó

R

S

R

A

R

E

R

R

L

Ó

A

Sudoku þrautir

	8		1	7	5		3	4
			4	6	8		9	
5			3			7	8	1
8	7		5		3	1	2	
		4					5	
		5			6	4	7	9
	6			5	1			
	9	7	6			3	1	5
					9	2		8

	6	7			3		5	
1					7			
		3				4		
2				9				
3	5				2			1
	7		8	4			3	
	4	9						
	8							4
		1			4		2	7

Samið við Inntré og Kubb

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ganga til samninga við Inntré ehf. á Ísafirði um smíði og uppsetningu innréttinga í hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði. Tilboð Inntrés hljóðaði upp á 54,4 milljónir króna.

Einnig verður gengið til samninga við Kubb ehf. á Ísafirði um frágang á lóð Eyrar en tilboð fyrirtækisins var upp á 60,7 milljónir króna.

Yfirmanna-stöður auglýstar

Þrjár yfirmannastöður á sameinaðri Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hafa verið auglýstar lausar til umsóknar. Um er að ræða stöður framkvæmdastjóra lækninga, yfirlæknis heilsugæslu og framkvæmdastjóra hjúkrunar. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða varð til 1. október með sameiningu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði. Skipað verður í stöðurnar til fimm ára frá 1. janúar 2015.

Orkubúið veitir samfélagsstyrki

Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur ákveðið að veita styrki til samfélagsverkefna á Vestfjörðum. Þetta er í þriðja sinn sem fyrirtækið veitir styrki sem þessa og í ár eru til ráðstöfunar 3,5 milljónir króna. Umsóknir um styrkina þurfa að berast Orkubúi Vestfjarða fyrir 25. nóvember n.k. og er stefnt að því að þeim verði úthlutað í desember.

Umsókn um styrk má senda í pósti til Orkubús Vestfjarða, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, merkt „Styrkur“ eða með tölvupósti til orkubússtjóra á netf. kh@ov.is.



Aldarfjórðungur frá komu Júlíusar

Aldarfjórðungur var liðinn í síðustu viku frá því frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS 270 kom nýsmíðaður til heimahafnar á Ísafirði í fyrsta. Togarinn var smíðaður fyrir útgerðarfyrirtækið Gunnvöru hf. sem sameinaðist Hraðfrystihúsinu hf. í Hnífsdal árið 1999 og er Júlíus gerður út af Hraðfrystihúsinu - Gunnvöru hf. í dag.

Júlíus var smíðaður í Stettin í Póllandi og var kaupverðið þegar hann kom 470 milljónir króna.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

 GÚTTÓ ehf.
 Sílfurgötu 1
 400 Ísafirði
 Sími: 456 4560
 Netf.: honnun@bb.is
 OG
 JARÐAR

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
 Nýir bílar og notaðir
 Þjónusta í heimabyggð frá 1983


Öll almenn húsmíði ehf
 Bolungavík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060
 Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is
VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
 VESTFJARÐA ehf. Sími á Ísafirði 450-7910
 Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB
 SINDRAGÖTU 3
 SÍMI: 456-3033
SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

 GÚTTÓ ehf.
 Sílfurgötu 1
 400 Ísafirði
 Sími: 456 4560
 Netf.: honnun@bb.is
 OG
 JARÐAR

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - spálfrætt nýtt og sjávarauðlunda




Ástæða 207

Það eru 206 bein í líkamanum sem eru þakklát þegar þú drekkur D-vítamínbætta léttmjólk. En ef þig vantar enn eina ástæðu til að kaupa D-vítamínbætta léttmjólk þá styrkir þú með því söfnun MS fyrir beinþéttnimæli fyrir Landspítalann. Beinþéttnimælir metur ástand beina á augabragði og getur skorið úr um hvort þú sért með beinþynningu. Stöndum saman – styrkjum beinin.

